



Reykjavík, 3. apríl 2018

## Ágæti sérfræðingur

### Fræðsluefni vegna Quetiapín Krka forðataflna

LYFIS vekur athygli þína á fræðsluefni fyrir Quetiapín Krka forðatöflur sem aðgengilegt er á heimasíðu LYFIS ([www.lyfis.is/oryggisefni](http://www.lyfis.is/oryggisefni)) og í sérlyfjaskrá ([www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)). Markaðsleyfishafi hefur útbúið þetta fræðsluefni til að uppfylla skilyrði við markaðsleyfi Quetiapín Krka með það að markmiði að auka öryggi við notkun lyfsins. Lyfjastofnun hefur yfirfarið texta efnisins.

Fræðsluefninu er ætlað að vekja athygli á aukaverkunum og eftirliti sem þarf að hafa sérstaklega í huga þegar quetiapín er notað.

Mikilvægt er að læknar kynni sér fræðsluefnið og styðjist við upplýsingar sem þar koma fram, ásamt upplýsingum í samantekt á eiginleikum lyfsins (SmPC).

LYFIS bendir á að mikilvægt er að tilkynna um allar mögulegar aukaverkanir/meintilvik af völdum lyfsins, sjá leiðbeiningar og eyðublöð á heimasíðu Lyfjastofnunar ([www.lyfjastofnun.is/lyfjagat/tilkynna](http://www.lyfjastofnun.is/lyfjagat/tilkynna)). Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir á heimasíðu LYFIS, [www.lyfis.is](http://www.lyfis.is).

Vinsamlega hafið samband við LYFIS í síma 534-3500 eða með tölvupósti á [lyfis@lyfis.is](mailto:lyfis@lyfis.is) ef óskað er eftir útprentuðum eintökum af öryggisefninu eða frekari upplýsingum um lyfið.

F.h. LYFIS,

Elínborg Kristjánsdóttir  
Ábyrgðarhafi lyfjagátar